

FW: ÚTHLUTUN - Ísafjarðarbær - Byggðakvóti 2019/2020

Til : Guðmundur Gunnarsson;Þórdís Sif Sigurðardóttir;Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Almennur póstur
Heiti : FW: ÚTHLUTUN - Ísafjarðarbær - Byggðakvóti 2019/2020
Málsnúmer : 2019090036
Málsaðili : Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Skráð dags : 30.12.2019 15:11:02
Höfundur : Almennur póstur

Viðhengi [Ísafjarðarbær.pdf](#)[Ísafjarðarbær.pdf](#)
[2019-12-30_14-18-25_SO.tif](#)[2019-12-30_14-18-25_SO.tif](#)

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 – tinnaolafs@isafjordur.is

From: Sigurbjörg Óladóttir

Sent: mánudagur, 30. desember 2019 14:23

To: Ísafjarðarbær

Subject: Fw: ÚTHLUTUN - Ísafjarðarbær - Byggðakvóti 2019/2020

Tilvísun í mál: ANR19100249

Bréf

Ísafjarðarbær
Pósthólf 56
400 Ísafjörður

, 30. desember 2019
ANR19100249

Efni: ÚTHLUTUN - Ísafjarðarbær - Byggðakvóti 2019/2020

Vísað er til umsóknar um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.

Samkvæmt reglugerð nr. 675/2019, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2019/2020, hefur sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið allt að 5.374 þorskígildislestum af botnfiski til að ráðstafa til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið hefur fjallað um umsókn sveitarfélagsins og sbr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur í hlut sveitarfélagsins sem hér segir:

| | |
|-------------------|-------------------------------|
| Flateyri | 300 þorskígildislestir |
| Hnífsdalur | 207 þorskígildislestir |
| Ísafjörður | 140 þorskígildislestir |
| Suðureyri | 192 þorskígildislestir |
| Þingeyri | 281 þorskígildislestir |

Reglugerð nr. 676/2019, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2019/2020, gildir um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa. Megintilgangur þeirra er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað

hafa afla þar, fái hlut í byggðakvótanum sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Frá þessum almennu reglum er heimilt að víkja samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði sem hún leggur til séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, ef reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megintilgangur byggðakvóta er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi.

Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins **eigi síðar en 27. janúar 2020. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.**

Fiskistofa annast úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á grundvelli þeirra reglna sem um það gilda. **Sérstaklega er vakin athygli á leiðbeiningum Fiskistofu um byggðakvóta 2019/2020 sem birtar voru á vefsíðu Fiskistofu þann 21. október sl.**

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Kristján Skarphéðinsson